

Jóhann Bjarnason, Séra Gutt. Guttormsson, Bjarni Marteinsson, Klemens Jónasson og Kristján Johnson.

Þá var þetta mál næst flott fyrir Goodtemplar stúkunum íslenzku, og að tilmælum forseta vors voru skipaðir sinn maðurinn frá hverri stúku til Fess, að staða að þessu mál með nefndum þeim er þú þegar voru kosnar. Var Ólafur Bjarnason útnefndur frá stúkunni Heklu, en Séra Rúnólfur Marteinsson frá stúkunni Skúta.

Einnig færði skrifari þetta mál í tal við einn fultrúa Tjaldbúðarsafn aðar og næltist til að það yrði tekið þar til meðferðar. Var honum sagt að því myndi verða fúslega sít strax og prestur safnaðarins kaemi heim, en hann var já á Íslandsferð.

Var ráð fyrir gjört að fundur yrði haldinn með þeim öllum erindsrekum og nefndum er kosnar löðu verið, er um haegdist, og fram á vetrar kæmi, bæði til þess að skifta með sér verkum og svo til þess að bera sig saman um fyrirkomulag hinnar tilvöndandi stofnunar. Ekki varð þó af þeim fundi fyrir en eftir miðjan vetrar.

Í miðlitid héltnesfnd vor tvívegis fund með sér, hér í kyrkju safnaðarins, til þess að bera saman skoðanir sínum í þessu efni og áætla um væntanlegan styrk til fyrirtækisins. Á síðari fundinum er haldinn var það 9. Febr. 1912, gat hr. Jósep B. Skaptason þess, að hann hefði lítillega hugsað um þetta mál og skoðan sín væri sú, að jafnframt því sem leitað yrði almennra sam-kota málinu til styrktar, væri óhjákvæmilegt og enda sjálfsgagt, að leita hinni væntanlegu stofnun einhverrar bjálpar frá hinum opinbera. Kváðst hann hafa fært þetta mál lauslega í tal við stjórnarformann fylkisins og hefði þaum tekið því vel, og jafnframt heitið málinu liðsinni sinn og fjárveitingar, fengist samtök albra Íslendinga um það, þeirra er búsettir væru innan fylkisins. Þótti nefndinni það góð tilindi, en kom sér jafnframt saman um, að láta þessa eigi getið að svo stöddu.

Á fundi þessum gat skrifari þess, að sér hefði verið tilkynt af Séra Jóhanni Bjarnasyni, er formaður væri nefndarinnar frá Íslenzka Lutherska kyrkjufélaginu, að hann óskadi eftir fyrir hönd sinnar nefndar, að haldinn yrði almennur fundur meðal allra er nú væri kosnr í þetta mál, ekki síðar en það 14. Febr. næstkomandi. Var samþykkt að verða við þeim tilmælum og boda, erindsrekum stúkanna og Tjaldbúðarinnar fundinn. Enn fremur ic skrifari þess getið, að Séra Jóhann Bjarnason hefði látið í ljósi við sig, að hann myndi gjöra þannig lagada kröfu fyrir hönd kyrkjufélagsins, að það hefði á hendi alt andlegt eftirlit með hælinu og prestsþjónustu allra, og nema því að eins að þessu yrði framengt, baeri hann efa á að samkomulag gæti tekist og samvinna með nefndunum.

Lét nefnd vor það eindregið í ljós, að kröfu sem þessa, væri ekki hægt að taka til greina.

Miðvikudaginn 14. Febr. 1912, var já haldinn sameiginlegur fundur með nefndum þeim og erindsrekum er skipaðir höfðu verið í þetta mál. Var fundurinn haldinn í Únítara kyrkjunní hér í bænum, samkvæmt tilmælum séra Jóhannus Bjarnasonar, er kvað fundarsal Fyrstu Luthersku kyrkjunnar upptekinn á þeim tíma. Á fundinum mættu: Skafri B. Brynjólfsson, Jó-